NÁMSGREIN: SAMFÉLAGSFRÆÐI
KENNSLUYFIRLIT – 7.BEKKUR

Kennsluhættir: Þrjár kennslustundir á viku. Kennt er í tveimur lotur; haust og vor. Lögð verður áhersla á Einstaklingsverkefni, samvinnuverkefni, vinnubókarvinnu, kannanir. Kennslan byggir mikið á að nemendur viðhaldi getu sinni til að vinna sjálfstætt, ein og í hópum.

Námsþættir: Evrópsk landafræði, evrópskir lifnaðarhættir, evrópsk menning, Norðurlöndin, Vestur-Evrópa, Austur-Evrópa, Suður-Evrópa, evrópsk samvinna, fjölmennustu trúarbrögð heimsins; Gyðingdómur, Kristin trú, Íslam, Hindúasiður, Búddhadómur, Bahá'ítrú, Síkhatrú, Taóismi, Konfúsíusarhyggja, guðleysi, efahyggja, húmanismi.

Námsmat: Vinnubók/vinnuhefti, kaflapróf, einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni.

Námsgögn: Evrópa, Evrópa – vinnubók, trúarbragðavefurinn, glærur frá kennara.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorð
Kennt í lotum.	Evrópsk landafræði, evrópskir lifnaðarhættir, evrópsk menning, Norðurlöndin, Vestur-Evrópa, Austur-Evrópa, Suður-Evrópa, evrópsk samvinna.	Verkefnavinna upp úr les- og vinnubókunum *Evrópa* Samvinnuverkefni þar litlir hópar nemenda vinna saman upp úr kaflahluta í bókinni *Evrópa* og kynna síðan fyrir bekkinn	Geta lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspor. Geta skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum. Geta varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni. Geta skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi. Geta útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina. Get spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga	Vinnubók Kaflapróf Einstaklings verkefni Samvinnu-verkefni	Hafstraumar Þéttbýli Stjálbýli Loftlagsbelti Gróðurbelti Náttúruauðlindi Íbúðarþéttleiki Atvinnuhættir

		Fyrirlestur um land í Vestur Evrópu Kahoot um land í Austur- Evrópu Plakat um land í Suður Evrópu	Geta tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar. Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. Geta metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir. Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum málefnum á fjölbreyttan hátt.		Staðarval Landslag
Kennt í lotum.	Fjölmennustu trúarbrögð heimsins; Gyðingdómur, Kristin trú, Íslam, Hindúasiður, Búddhadómur, Bahá'ítrú, Síkhatrú, Taóismi, Konfúsíusarhyggja, guðleysi, efahyggja, húmanismi.	Verkefnavinna upp úr trúarbragða-vefnum Kaflapróf úr fimm fjölmennustu trúarbrögðum heims Samvinnuverkefni	Geta rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs, Geta dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði, Geta gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims, Geta borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.	Vinnuhefti Kaflapróf Einstaklings verkefni Samvinnuverkefni	Trú Lífsviðhorf Skoðanir Siðir